

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Ársreikningur 2021

Knattspyrnudeild Breiðabliks
Kt. 410284-1389-2659
Dalsmára 5
201 Kópavogur

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-10

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalsstarfssemi Knattspyrnudeildar Breiðabliks snýr að rekstri meistaraflokka karla og kvenna ásamt öflugum unglunga og afreksstarfi

Hagnaður Knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu 2021 nam kr. 46.524.205. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 178.842.965 og bókfært eigið fé í árslok 2021 er kr. 74.658.248. Eiginfjárlutfall félagsins er 42%

Stjórn Knattspyrnudeildar Breiðabliks vísar í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra Breiðabliks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóri Breiðabliks staðfesta hér með ársreikning félagsins 2021 með undirritun sinni.

Kópavogi 21. febrúar 2022

Stjórn

Flosi Eiríksson - formaður
(rafræn undirritun)

Helgi Aðalsteinsson - varaformaður
(rafræn undirritun)

Halldór Arnarsson - gjaldkeri
(rafræn undirritun)

Birna Hlín Káradóttir - ritari
(rafræn undirritun)

Bjarni Bergsson - formaður mflr. Karla
(rafræn undirritun)

Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir - formaður mflr. Kvenna
(rafræn undirritun)

Jóhann Þór Jónsson - formaður unglingaráðs
(rafræn undirritun)

Framkvæmdastjóri

Eysteinn Pétur Lárusson
(rafræn undirritun)

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Breiðabliks

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021 efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ungmennafélaginu Breiðabliki í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Rekstrarhæfi

Við getum staðfest álit stjórnar Knattspyrnudeildarinnar á rekstrarhæfi enda er eigið fé jákvætt, afkoma ársins 2021 er jákvæð og sjóðstaða góð.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildarinnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík 21. febrúar 2022

Endurskoðun VSK ehf

Svavar G. Stefánsson
endurskoðandi

(rafræn undirritun)

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		89.804.310	105.322.593
Tekjur af mótum		278.606.486	99.443.782
Æfingagjöld		138.495.717	122.726.107
Félagsskiptatekjur		70.394.764	83.833.246
Aðrar tekjur		37.256.840	34.024.871
		<u>614.558.117</u>	<u>445.350.599</u>
Rekstrargjöld			
Þjálfun, leikmenn og yfirstjórn		363.116.445	319.905.638
Búningar og íþróttahöld		6.345.320	5.875.284
Þátttaka í mótum		140.017.806	53.848.761
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		24.120.822	21.421.092
Annar rekstarkostnaður		32.908.284	36.214.837
Afskriftir	3	496.130	642.130
		<u>567.004.807</u>	<u>437.907.742</u>
Rekstrarhagnaður		47.553.310	7.442.857
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		33.340	62.968
Fjármagnsgjöld		(146.841)	(2.680.492)
Gengismunur		(915.604)	8.646.622
		<u>(1.029.105)</u>	<u>6.029.098</u>
Hagnaður ársins		<u>46.524.205</u>	<u>13.471.955</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	3	2.487.595	2.983.725
Leikmenn		<u>22.533.334</u>	<u>16.866.667</u>
		25.020.929	19.850.392
Veltufjármunir			
Krafa á Aðalstjórn		24.340.675	51.752.466
Viðskiptakröfur	4	26.520.407	10.332.128
Handbært fé	4	<u>102.960.954</u>	<u>39.054.688</u>
		153.822.036	101.139.282
Eignir samtals		<u>178.842.965</u>	<u>120.989.674</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé 1.1	5	26.651.597	3.879.642
Uppfærðir leikmannasamningar		1.482.446	9.300.000
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>46.524.205</u>	<u>13.471.955</u>
		74.658.248	26.651.597
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	6	40.398.812	40.172.823
Fyrirframinnheimtar tekjur		58.000.000	47.000.000
Aðrar skammtímaskuldir	6	<u>5.785.905</u>	<u>7.165.254</u>
		104.184.717	94.338.077
Skuldir samtals		104.184.717	94.338.077
Eigið fé og skuldir samtals		<u>178.842.965</u>	<u>120.989.674</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)			
Hagnaður ársins		46.524.205	13.471.955
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	496.130	642.130
		<u>47.020.335</u>	<u>14.114.085</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur		(16.188.279)	10.377.936
Fyrirframmgreiddur kostnaður		0	
Aðrar skammtímakröfur		27.411.791	(29.940.841)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		9.846.640	14.819.041
		<u>21.070.152</u>	<u>(4.743.864)</u>
Handbært fé frá rekstri		68.090.487	9.370.221
Fjárfestingarhreyfingar			
Félagsskipti leikmanna		(4.184.221)	333.333
Kaup á fastafjármunum		0	
		<u>(4.184.221)</u>	<u>333.333</u>
Breyting á handbæru fé		63.906.266	9.703.554
Handbært fé í byrjun ársins		39.054.688	29.351.134
Handbært fé í árslok		<u>102.960.954</u>	<u>39.054.688</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Knattspyrnudeild Breiðabliks rekur meistaraflokka karla og kvenna ásamt öflugum unglunga og afreksstarfi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur knattspyrnudeildarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Greiðslur til umboðsmanna

Félagið greiddi 1.671.858 til umboðsmanna á árinu 2021.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld og innr.	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	4.961.301	4.961.301
Eignfært á árinu	0	0
Staða í árslok	4.961.301	4.961.301
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	1.977.576	1.977.576
Afskrift ársins	496.130	496.130
Staða í árslok	2.473.706	2.473.706
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	2.983.725	2.983.725
Bókfært verð í árslok	2.487.595	2.487.595
Afskriftarhlutföll	20%	

Skýringar

4. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptakröfur	26.585.732	10.966.177
Erlendar viðskiptakröfur	5.192.667	2.343.951
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(5.257.992)	(2.978.000)
	<u>26.520.407</u>	<u>10.332.128</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2021	31.12.2020
Bankareikningar í íslenskum krónum	62.694.525	29.532.042
Bankareikningar í erlendra mynt	40.266.429	9.522.646
	<u>102.960.954</u>	<u>39.054.688</u>

5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmanna samningar	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	3.879.642		3.879.642
Uppfærsla leikmannasamninga		9.300.000	9.300.000
Hagnaður/(tap) ársins	13.471.955		13.471.955
Flutt á eigið fé	9.300.000	(9.300.000)	0
Eigið fé 1.1.2021	26.651.597	0	26.651.597
Uppfærsla leikmannasamninga		1.482.446	1.482.446
Hagnaður/(tap) ársins	46.524.205		46.524.205
Eigið fé í árslok	<u>73.175.802</u>	<u>1.482.446</u>	<u>74.658.248</u>

6. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptaskuldir	40.398.812	40.172.823
	<u>40.398.812</u>	<u>40.172.823</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreidd laun og launatengd gjöld	5.368.745	6.280.151
Virðisaukaskattur	417.160	885.103
	<u>5.785.905</u>	<u>7.165.254</u>